

Föstudaginn 6. apríl 1951.

Kærumálið nr. 3/1951.

Emil Hjartarson og Guðmundur Hjartarson
 gegn
Margréti Lúðvíksdóttur.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
 og próf. Ármann Snævarr í stað hrd.
 Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans
 Hallvarðssonar.

Máli frestað sjálfkrafa.

Úrskurður Hæstaréttar.

Með kæru 14. febrúar þ. á., sem hingað barst 24. s. m., hafa sóknaraðiljar kært til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur 8. s. m. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðiljum.

Varnaraðili hefur skotið framangreindu máli til Hæstaréttar með stefnu 16. marz þ. á. til þingfestingar í maímánuði n. k. Þykir því rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. málsgrein 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu ex officio, unz séð er, hvort áðurnefnt áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Ályktarorð:

Kærumáli þessu er frestað ex officio samkvæmt framangreindu.
